
RANNSÓKNASTOFNUN HÁSKÓLANS Á AKUREYRI



Aðstoð við leshamlaða nema í
framhaldsskólum og háskólum

RANNSÓKNARSKÝRSLA

RÓSA EGGERTSDÓTTIR
ÞÓRA BJÖRK JÓNSDÓTTIR

AKUREYRI
SEPTEMBER 2001

EFNISYFIRLIT

1. Inngangur	4
2. Leshömlun	6
Skilgreining leshömlunar	6
Tíðni leshömlunar.....	7
Birtingarform leshömlunar	8
Leshömlun og erlend mál	10
Þarfir nemenda í framhaldsnámi og leiðir til að mæta þeim	11
Lögbundin þjónusta.....	13
Samantekt.....	15
3. Framkvæmd könnunarinnar	16
4. Niðurstöður	17
Framhaldsskólar.....	17
Samantekt niðurstaðna úr framhaldsskólum.....	26
Háskólar	26
Samantekt niðurstaðna háskólastigs	29
5. Umræða.....	29
Samantekt:.....	33
Ályktanir:	35
6. Heimildaskrá	36

MYNDIR

Mynd 1 Skólar flokkaðir eftir nemendafjölda.....	17
Mynd 2 Skólastærð og hlutfall nem. sem fær stuðning vegna leshömlunar	18
Mynd 3 Stefna skóla varðandi nemendur með leshömlun	18
Mynd 4 Aðstoð kynnt nemendum.....	19
Mynd 5 Leiðir fyrir skólana til að öðlast upplýsingar um leshömlun nem.....	20
Mynd 6 Þekking kennara á leshömlun og þörfum nemenda.....	21
Mynd 7 Þekking kennara á leshömlun og þörfum nemenda.....	21
Mynd 8 Suðningur skóla við leshamlaða nemendur	22
Mynd 9 Umsjón og ábyrgð innan skóla á aðstoð við nem. með leshömlun.....	23
Mynd 10 Greiningaraðilar.....	24
Mynd 11 Fjármögnun greininga	24
Mynd 12 Æskilegar umbætur	25
Mynd 13 Aðstoð veitt á háskólastigi.....	27
Mynd 14 Greiningaraðilar að mati háskóla.....	28

1. INNGANGUR

Ætla má að um 15 – 20% þjóðarinnar eigi við erfiðleika að etja í lestri og þar af eru um 4 – 6% með leshömlun á því stigi að hún stendur þeim fyrir þrifum að einhverju leyti í námi og starfi þótt þeir standi öðrum jafnfætis hvað greind varðar.

Höfundar skýrslunnar hafa báðir langa reynslu af kennslu í grunnskólum sem almennir kennarar og sérkennarar, ekki síst á sviði lestrar og leshömlunar. Auk þess hafa þeir annast greiningar á lestrarfærni nemenda í framhaldsskólum og háskólum. Viðtöl við þessa nemendur hafa dregið fram ýmsar athyglisverðar hliðar sem varpað hafa ljósi á hve þeir eiga á brattann að sækja í námi. Flestir lýsa hæglæsi, telja sig muna lítið af því sem þeir lesa, hve svefninn sækir á við lestur, lýsa hve erfitt það sé að glósa eftir glærum kennara um leið og þeir hlusta á fyrirlestur og töflukennslu, hve tungumálanámið gangi erfiðlega o.s.frv. Frásagnirnar eru margar og lýsa undantekningalaust erfiðleikum og gríðarmiklu álagi. Sammerkt er með flestum þessara nemenda að þeir eru fyrst að greinast þegar þeir koma í framhaldsskóla, yfirleitt á 1. eða 2. námsári.

Þessi reynsla varð hvatinn að því að kanna hvernig aðstoð við leshamlaða nemendur í framhaldsskólum og háskólum væri háttað. Einkum eru það þrír þættir sem þessari könnun er ætlað að varpa ljósi á. Sá fyrsti snýr að fjölda þeirra nemenda sem vitað er um að þurfi á aðstoð að halda, annar snýr að þeim stuðningi sem framhaldsskólar og háskólar kunna að veita nemendum. Vitað er að leshamlaðir nemendur þurfa á stuðningi að halda þótt þeir hafi lokið grunnskólanámi. Af frásögnum nemenda hefur helst mátt ætla að stuðningur skólanna snúi fyrst og fremst að próftöku en síður eða ekki að kennslu. Þriðji þátturinn varðar stöðu greininga á leshömlun en svo virðist sem nemendur sjálfir þurfi í flestum tilfellum að greiða sjálfir fyrir þær jafnvel þótt um frumgreiningu sé að ræða og þeir stundi nám í ríkisreknum skólum.

Sú könnun sem hér fer á eftir leitast við að svara að nokkru þessum málaflokkum. Könnunin er stutt og hún spyr um form og inntak en ekki gæði varðandi málefni leshamlaðra í framhaldsskólum og háskólum. Ýmis áhugaverð svör koma fram sem varpa nokkru ljósi á þessa stöðu skólanna og nemendanna. Líta má á niðurstöðurnar sem vegvísi fyrir umbætur og framfarir

en einnig sem grunn til að kanna ítarlegar stöðu þessa málaflokks ekki síst hvað varðar gæði þess stuðnings sem stendur nemendum til boða.

Að endingu viljum við færa öllum þeim sem þátt tóku í könnuninni og veittu svör við spurningum þakkir fyrir þátttöku þeirra.

1. september 2001

Rósa Eggertsdóttir og Þóra Björk Jónsdóttir

2. LESHÖMLUN

Í þessum kafla verður fjallað um skilgreiningu á leshömlun, tíðni hennar og birtingarform með sérstöku tilliti til unglings- og fullorðinsára. Vikið verður að þeim þáttum sem taldir eru skipta máli við nám og kennslu nemenda með leshömlun á framhalds- og háskólastigi, rætt sérstaklega um leshömlun og tungumálanám. Loks verður athugað hvað lög og reglugerðir um framhaldsskóla og háskóla segja um málefni nemenda með leshömlun.

SKILGREINING LESHÖMLUNAR

Ýmsar skilgreiningar hafa verið settar fram til að varpa ljósi á hvað leshömlun er. Eftirfarandi skilgreining hefur verið sett fram af British Dyslexia Association:

Leshömlun er fjölþætt taugafræðilegt ástand af eðlislægum uppruna. Einkennin geta haft áhrif á margar hliðar náms og virkni og má lýsa sem sérstökum erfiðleikum við lestur, stafsetningu og ritun. Erfiðleikar geta birtist á einum eða fleirum þessara þátta. Einnig getur hömlunin haft áhrif á talnameðferð, meðferð táknerfa (tónlist) hreyfifærni og skipulagshæfileika. Leshömlun er þó sérstaklega tengd færni við að ná góðum tókum á ritmáli, en getur þó valdið erfiðleikum að einhverju marki á talmáli.¹

Þrátt fyrir stöðugar rannsóknir um hinn vestræna heim er ekki enn vitað með fullkominni vissu hvað leshömlun er. Vegna þessa ríkir ekki sátt um eina skilgreiningu á leshömlun, hvorki hér á landi né erlendis². Ágreiningurinn virðist stafa af því að mismunandi fagstéttir nota mismunandi greiningarhugtök vegna sérfræði sinnar. Nauðsyn þess að koma sér saman um skilgreiningu var áréttuð í samantekt málþings um lesskimun og lestrarörðugleika sem Menntamálaráðuneyti Íslands hélt 6. júní 2000³. Menn eru þó almennt sammála því að

¹ British Dyslexia Association 1998:48

² Snowling 1996:2, Turner 1997:10, Reid 1998:3, Sletmo 1999, Jónas Halldórsson 2000, Rannveig Lund 2000; Páll Tryggvason o.fl. 2000:20

³ Morgunblaðið 2000:39

vandinn tengist þeim sviðum heilans sem vinna með málið, hann er álitinn vera af taugafræðilegum toga, óháður greind og er að einhverju marki arfgengur⁴.

Leshömlun er unnt að nálgast frá mismunandi sjónarhornum, s.s. taugafræðilegum einkennum, vitsmunalegum eiginleikum, náms- og hegðunareinkennum og loks sérstökum hæfileikum leshamlaðra. Taugafræðilegt sjónarhorn gefur upplýsingar um starfsemi heilans og erfðir, vitsmunalegir eiginleikar gefa upplýsingar um að einstaklingar geti haft slakt vinnsluminni, átt í erfiðleikum með hljóðkerfisvitund, samhæfing getur verið slök og fínhyfingarfingarfærni og sjónrænir erfiðleikar geta verið til staðar, bæði við úrvinnslu og einnig vegna birtu eða skerpu á blaði eða texta. Náms- og hegðunareinkenni sem um er rætt eru lestrar- og skilningsvandi, ritunarerfiðleikar og aðrir erfiðleikar s.s. varðandi reikning, frásögn, einbeitingu og athygli, félags- og tilfinningabætti og skipulag⁵.

Fullorðnir leshamlaðir eru oft á tíðum búnir að þróa með sér leiðir til að ráða við það sem er erfitt eða finna leiðir framhjá vandanum, leiðir sem dylja erfiðleikana eða gera þá óvirkari en ella. Þessir þættir geta verið árangursrík notkun tölvutækni, nákvæmt persónulegt minniskerfi, notkun litakerfis og annarra skipulagsaðferða, notkun mynda til að hjálpa við að muna og kalla fram upplýsingar, notkun upplýsingatækni og ýmiss konar aðrar hjálparaðferðir við námið.

Sérstakir hæfileikar eru oft nefndir í tengslum við einstaklinga með leshömlun. Þessara hæfileika gætir sérstaklega á sviðum eins og listum, hönnun, byggingarlist, verkfræði og tölvutækni þar sem heildræn hugsun og sköpunarhæfileikar eru mikilvægir.

TÍÐNI LESHÖMLUNAR

Tíðni leshömlunar ræðst nokkuð af því hvaða skilgreining er notuð og hvert mælitækið er. Algengast er að fræðimenn nefni að 10-15% manna geti verið með einhver einkenni lestrarerfiðleika og alvarleg leshömlun geti verið hjá 4-5 % manna⁶. Bresku dyslexíusamtökin⁷ nefna að 10% manna upplifi einhverja

⁴ Snowling 1996:3, Ellis 1984:35

⁵ Singleton 1999:26

⁶ Austad o.fl.1993:9, Sletmo 1999, Singleton 1999:25.

⁷ Matty 1995:9

stafsetningar- eða minniserfiðleika og að 4% eigi í svo miklum erfiðleikum að hömlunin hefur áhrif á líf þeirra.

Í rannsókn á stöðu leshamlaðra háskólanema í Bretlandi kom fram að 1.32% háskólanema (Higher Education eða Universities og Colleges) býr við leshömlun. Af þessum leshömluðu nemendum greindist hömlunin fyrst á háskólastigi hjá 43% nemenda⁸.

Í íslenskri könnun sem gerð var meðal nemenda í 9. bekk vorið 1996 á Norðurlandi eystra kom fram að 16,2% áttu við erfiðleika að etja í lestri og þar af voru 6,6% með skýr einkenni leshömlunar⁹. Fjölur Ásbjörnsson¹⁰ gerði könnun á læsi á framhaldsskólastigi. Þar kom fram að um 20% nemenda ættu í verulegum lestrarvanda. Í alþjóðlegri rannsókn á læsi¹¹ frá 1991 kemur fram að 6.2 % fjórtán ára unglinga á Íslandi eigi í verulegum erfiðleikum við að skilja það sem þeir lesa.

BIRTINGARFORM LESHÖMLUNAR

Leshömlun birtist á mismunandi hátt eftir aldri viðkomandi. Leshömlun er hömlun en ekki sjúkdómur og „læknast“ því ekki. Hennar gætir á mismunandi sviðum og mismikið eftir aldri og aðstæðum einstaklinga. Með góðum stuðningi og kennslu og með auknum þroska er unnt að draga úr sterkustu einkennum hennar.

Nemendur með leshömlun sem fá góðan stuðning og vinna með hömlun sína geta náð nokkuð góðri lestrar- og stafsetningarfærni. Erfiðleikarnir geta þó birst í sérstökum verkefnum eða við tiltekna vinnuaðstæður og geta nemendur þurft sérstaka aðstoð eða hjálpartæki til að stunda framhaldsnám og takast á við krefjandi aðstæður. Sérstaklega hefur álag eins og tímaskortur áhrif á frammistöðu.

Á leikskólaaldri birtist vandinn helst sem máltruflanir en á grunnskólaaldri eru erfiðleikar við að læra að lesa mest áberandi hjá yngstu nemendum en stafsetningarerfiðleikar koma síðar í ljós hjá nemendum á miðstigi og unglingastigi. Erfiðleikarnir geta einng gert vart við sig í námi erlendra mála.

⁸ Singleton 1999:42

⁹ Rósa Eggertsdóttir 1998:5

¹⁰ Fjölur Ásbjörnsson 1997:8

¹¹ Sigríður Þ. Valgeirsdóttir 1993:20

Stafsetningarerfiðleikar ásamt hæglæsi einkennir marga leshamlaða í unglinda-deildum grunnskóla. Þá fer einnig að bera á afleiddum erfiðleikum leshömlunar s.s. tilfinningaerfiðleikum og flótta frá námi.

Nemendur með leshömlun á framhaldsskólastigi eru yfirleitt búnir að ná nokkurri lestrarfærni, þ.e. geta lesið en eru oft mjög hæglæsir. Lesturinn einkennist af því að lesandinn veitir innihaldi textans ekki nægilegan gaum þannig að hann skilur ekki vel það sem hann er að lesa eða að hann skortir gagnvirkt samband við textann. Hann getur átt í erfiðleikum við að lesa af gagnrýni, setja sig inn í textann, lesa milli lína, tengja við fyrri lestur eða reynslu, finnur hugsanlega ekki aðalatriði í efninu, nær ekki nýjum hugtökum sem fyrir koma, skipuleggur ekki vel upplýsingar sem fram koma o.s.frv. Erfiðleikarnir birtast einnig í stafsetningarerfiðleikum sem geta verið svo þrálátir að þrátt fyrir mikla elju nemenda og stuðning kennara næst ekki tilhlýðilegur árangur. Sem dæmi má nefna frásögn fyrrum menntaskólanema¹² á Málþingi Menntamálaráðuneytisins í júní 2000 en þar lýsti hann því hvernig hann hafði setið í ómældan tíma með stuðningskennara sínum í menntaskóla við að læra stafsetningu. Við lok fjögurra ára náms varð hann samt sem áður að fá undanþágu frá þessari námsgrein til að geta útskrifast sem stúdent.

Erfiðleikar sem koma fram á unglings- og fullorðinsárum eru einnig erfiðleikar við að stjórna tíma sínum, hafa skipulag á námi og námsgögnum og nemendur með leshömlun hafa almennt slaka námstækni, nema þeir hafi fengið markvissa tilsögn þar um. Félags- og tilfinningalegir þættir hafa áhrif og slök sjálfmynd vegna erfiðleikanna segir til sín á ýmsum sviðum.

Samkvæmt Reid¹³ finna fullorðnir leshamlaðir oft fyrir eftirfarandi erfiðleikum:

- ◆ Lestur er ónákvæmur
- ◆ Lestur er hægur
- ◆ Stafsetningarvillur eru þrálátar
- ◆ Erfiðleikar eru við málfræðilega uppbyggingu
- ◆ Röðunarerfiðleikar koma fram í ritun
- ◆ Þörf er á að endurlesa texta
- ◆ Erfiðleikar koma fram við að skipuleggja ritun
- ◆ Erfiðleikar eru við að muna staðreyndir
- ◆ Erfitt er að muna formúlur og alls kyns óhlutstæðar raðir

¹² Freyr Hermannsson 2000

¹³ Reid 2001:3

- ◆ Erfitt er að fylgja fjölda skipana sem gefnar eru samtímis
- ◆ Erfitt er að glósa, til dæmis í fyrirlesturum
- ◆ Erfitt er að skipuleggja nám og ná tökum á námstækni
- ◆ Yfirfærsla náms milli aðstæðna er erfið
- ◆ Erfiðleikar eru við að draga ályktanir af textanum
- ◆ Erfitt er að taka skrifleg próf, sérstaklega þegar takmörk eru sett á tíma.

Mikilvægt er að gera sér grein fyrir að einkennin birtast á mismunandi hátt hjá einstaklingum með leshömlun og í mismiklu mæli. Einnig er mikilvægt að hafa styrkleika þeirra sem eru með leshömlun í huga, en oft geta styrkleikar bætt upp veikari þætti. Þessir styrkleikar geta verið:

- ◆ Færni til að skilja hvernig hlutir virka
- ◆ Færni til að leysa þrautir
- ◆ Góðir sjónrænir hæfileikar (stundum)
- ◆ Geta til að vinna heildrænt úr upplýsingum
- ◆ Góð munnleg tjáning og frásögn (stundum)
- ◆ Vegna erfiðleikanna hefur þróast hæfileiki til að bregðast skjótt við vanda með mismunandi aðferðum¹⁴

LESHÖMLUN OG ERLEND MÁL

Lengi hefur verið talið að þeir erfiðleikar sem leshamlaðir nemendur finna fyrir gagnvart móðurmálinu endurspeglast á samsvarandi hátt í námi erlendra mála¹⁵. Veikleikarnir koma fram í hljóðfræði, málfræði, uppbyggingu málsins og í öðrum mállegum þáttum¹⁶. Erfiðleikarnir geta komið fram við venjulegan lestur, það að umtúlka tákn í hljóð, lesskilningur getur verið slakur, formum og hljóðlíkum stöfum er ruglað saman og erfiðleikar eru við að byggja upp setningar og skrifa skipulega. Einnig getur verið um að ræða erfiðleika við að skilja og nota reglur sem tengjast erlendum málum, vanda með hljóðræna og orðheildarlega þætti og reyndar skortir leshamlaða nemendur yfirleitt þróaða námsvitund sem myndi gera þeim kleift að hugsa um frammistöðu sína í málanámi og nota aðferðir við að leiðrétta sjálfa sig¹⁷.

¹⁴ Reid 2001:4-5

¹⁵ Hodge, M.E: 1998:68-78

¹⁶ Hodge, M.E: 1998:68-78; Ch. Jones 1990:44-48

¹⁷ Sparks og Ganscow 1999; Miller-Guron og Lundberg 2000:41-61

Enn er ótalinn sá þáttur sem getur skipt verulegu máli í námi erlendra mála en það er heyrnræni þátturinn. Leshamlaðir nemendur geta átt erfitt með að bregðast við tilteknum hljóðum í töluðu máli. Næmni þeirra fyrir tíðni hljóða í nýja málinu getur verið lítil. Fyrir vikið kann að vera að orð í erlenda málinu hljómi svo ókunnuglega að tengsl við merkingu verða erfið, jafnvel svo að ómögulegt verður að merkingarlegu samhengi.

Tomatis¹⁸ setti fram þá kenningu að þjálfar verði eyrað áður en tungumálanám hefst. Hann sýndi fram á að erfitt geti verið að heyra suma tíðni eða tóna í erlendum málum. Fyrir vikið geti þeir nemendur sem svo er háttað um ekki endurtekið hljóð og orð sem þeir heyra ekki. Annað er að talhraði tungumála er misjafn. Það tekur t.d. 75 millisekúndur að bera fram enskt atkvæði á móti 50 millisekúndur í frönsku. Þetta þýðir að frönskunemi þarf að læra að bera atkvæðin fram mun hraðar en sá sem lærir ensku. Tomatis gerði tilraunir með að þjálfar heyrn áður en tungumálanám hefst. Tilraunir hans báru góðan árangur og sýna samanburðarhópar að aðferð hans gefur meiri árangur á skemmri tíma auk þess sem minnisgeymd eftir sumarhlé er meiri ef notuð er aðferð hans.

Annað sem vert er að hafa í huga er að leshömlunar verður stundum ekki vart hjá einstaklingum fyrr en nám erlendra tungumála hefst. Annað nám hefur þá gengið þokkalega eða jafnvel vel fram að þeim tíma og enginn hefur séð ástæðu til að ætla að um sértæka örðugleika sé að ræða.¹⁹

ÞARFIR NEMENDA Í FRAMHALDSNÁMI OG LEIÐIR TIL AÐ MÆTA ÞEIM

Eins og að framan greinir eru erfiðleikar leshamlaðra mismiklir og einstaklingsbundnir en tiltekin atriði tengd námi og skólastarfi nýtast flestum nemendum með leshömlun. Mikilvægt er þó að stuðningur taki mið af sérþörfum hvers einstaklings og leiði til þess að hver og einn beri ábyrgð á eigin námi. Stuðningurinn ætti að miðast við starf ef einstaklingur er á leið á vinnumarkaðinn en nám ef hann er í framhaldsnámi og snúast jafnt um námslegar, félagslegar og vitsmunalegar þarfir einstaklinga²⁰.

¹⁸ Gerritsen, Jan. 1996

¹⁹ Schwartz, R. 1997

²⁰ Reid 2001:18

Vitund og viðhorf kennara og annarra starfsmanna um leshömlun virðast skipta sköpum fyrir nemendur og hvernig eða hvort þeir leita sér aðstoðar og hjálpar²¹. Vitað er að nemendum gagnast fyrirlestrar þá fyrst ef þeir þurfa ekki að glósa um leið og þeir hlusta. Þeir vilja gjarnan taka fyrirlesturinn upp á hljómband til að geta unnið með síðar en nær allir háskólar í Englandi leyfa nemendum með leshömlun að taka kennsluna upp á hljómband²². Nemendur geta þurft að fá glósur annarra eða eru háðir dreifildum frá kennurum. Nemendur með leshömlun eru oft hæglæsir og taka verður tillit til þess þar sem þess er þörf. Námsbækur á hljómbandi gagnast sumum, annaðhvort alveg eða til að gefa frí frá lestrinum. Nokkrir verða fyrir sjónrænum erfiðleikum við lestur í lengri tíma eða þegar letur er smátt og þétt. Litglærur eða lituð gleraugu koma þeim oft að gagni við lestur. Flestir leshamlaðir eiga erfitt með ritun og hún tekur mikinn tíma. Einnig veldur stafsetning miklum erfiðleikum. Notkun ritvinnslu auðveldar framsetningu skriflegs efnis og leiðréttingarforrit koma að gagni við stafsetningu.

Próf geta verið sérstaklega erfið fyrir leshamlaða nemendur. Allar aðstæður þar reyna sérstaklega á þætti sem eru þeim erfiðir, utanbókarnám er erfitt, ritunarhraðinn getur verið lítill og rithönd slæm, uppbygging skriflegrar frásagnar er oft erfið og þar fram eftir götum. Því er mikilvægt að skapa prófaðstæður sem draga úr þeim hindrunum sem verða á vegi nemenda til að koma til skila þeirri þekkingu og leikni sem þeir búa yfir.

Sumir nemendur með leshömlun ná árangri án aðstoðar en flestir þurfa einhverja aðstoð. Vegna þess hve erfiðleikarnir eru einstaklingsbundnir er misjafnt hvað nýtist hverjum og einum nemanda en eftirfarandi aðgerðir gagnast almennt leshömluðum:

- ◆ Aðstoð við skipulagningu tíma og námsgagna
- ◆ Náms- og minnistækniráðgjöf
- ◆ Stuðningur við að læra að lesa með athygli og gagnvirkni
- ◆ Læra að nota hugkort og hugtakakort við skipulagningu og glósur
- ◆ Hafa möguleika á að taka fyrirlestra upp á hljómband
- ◆ Fá námsefni í formi hljóðbóka
- ◆ Fá dreifildi hjá kennurum
- ◆ Skila efni á fjölbreyttan hátt, ekki bara skriflega
- ◆ Prófarkalestur eða yfirlestur á skriflegu efni, leiðréttingarforrit er oft ekki nægilegt

²¹ Singleton 1999:38

²² Singleton 1999:43

- ◆ Framsetning kennara á efni þarf að vera fjölbreytt en ekki bundin við fyrirlestra
- ◆ Aðganur að og aðstoð við að nýta tölvutækni við námið
- ◆ Huga þarf að aðstæðum við prófatöku, gefa nægan tíma, texti þarf að vera skýr hvað varðar leturgerð og leturstærð. Hafa möguleika á munnlegum prófum. Meðferð vegna prófkvíða
- ◆ Upplýsingar um aðstoð þurfa að vera aðgengilegar
- ◆ Geta sótt til ráðgjafa og hafa aðgang að stuðningshópi²³

LÖGBUNDIN ÞJÓNUSTA

Í lögum um framhaldsskóla²⁴ þar sem fjallað er um hlutverk framhaldsskólans kemur fram að honum er ætlað að stuðla að alhliða þroska allra nemenda svo að þeir verði sem best búinir undir að taka virkan þátt í lýðræðisþjóðfélagi. Framhaldsskólanum er ætlað að búa nemendur undir störf í atvinnulífnum og frekara nám. Í reglugerð um innritun nemenda í framhaldsskóla segir: „allir þeir sem lokið hafa námi í grunnskóla eða öðru jafngildu námi skulu eiga kost á að hefja nám í framhaldsskóla“.²⁵ Þetta er áréttað í Aðalnámskrá framhaldsskóla, almennum hluta þar sem segir að framhaldsskólinn taki við að loknum grunnskóla og að honum sé gert að sinna öllum nemendum hvernig svo sem undirbúningi þeirra úr grunnskóla sé háttáð.²⁶

Í Aðalnámskrá framhaldsskóla, almennum hluta²⁷ er getið um sértæka námserfiðleika í kafla um frávík frá prófareglum. Þar kemur fram að fyrir nemendur sem eiga við fötlun eða sértæka námserfiðleika að etja og þurfa sérstaka aðstoð í námi þurfi oft óhjákvæmilega að gera sérstakar ráðstafanir varðandi próf og annað námsmat. Einnig kemur fram að skólum ber að gera það sem unnt er til þess að koma til móts við þarfir viðkomandi nemenda. Nánar er getið um hvað sé um að ræða í tengslum við frávík frá hefðbundnu námsmati. Þar er m.a. um að ræða sérstaka samsetningu prófa, lengri próftíma, sérhönnuð próf, notkun hjálpargagna, aðstoð í prófum, munnleg próf o.fl. Þá ber einnig að hafa í huga aðrar aðferðir við að meta námsárangur þessara nemenda.

²³ Singleton 1999:122-130, Reid 2001:97-114

²⁴ Lög um framhaldsskóla nr. 80 11. júní 1996

²⁵ Reglugerð um innritun nemenda í framhaldsskóla nr. 98 8. febrúar 2000

²⁶ Aðalnámskrá framhaldsskóla, almennur hluti 1999:13

²⁷ Aðalnámskrá framhaldsskóla, almennur hluti 1999:47

Einnig er getið um leshamlaða nemendur í kafla um undanþágu í aðalnámskránni. Þar segir að „fatlaðir nemendur og nemendur með lesröskun (lestrar- og skriftarörðugleika) og/eða aðra staðfesta skynjunarörðugleika geta sótt um undanþágu til skólameistara frá einstökum námsáföngum enda sé fullreynt að mati skóla að nemandi geti ekki náð tökum á námsefninu vegna skilgreindra annmarka sem sérfræðingur á viðkomandi sviði hefur staðfest. Nemendur skulu þó taka aðra áfanga í stað þeirra sem þeir fá undanþágu frá“.²⁸ Hér er réttur nemenda til frávika í prófum og til undanþágu frá einstökum námsgreinum settur skýrt fram.

Í greinanámskrám framhaldsskóla er tekið fram hvernig hægt sé að mæta þörfum nemenda með lestrarerfiðleika. Í námskrá í íslensku þar sem fjallað er um lestur²⁹ er t.d. sagt að einskis skuli látið ófreistað til að koma til móts við nemendur sem eiga við lestrarörðugleika að stríða af einhverju tagi. Þar er talað um að mæta þörfum með skipulagi kennslunnar, sérstökum verkefnum, verkefnaskilum og prófatöku við hæfi. Einnig er rætt um að bjóða sumum nemendum upp á sérstakan stuðning í formi námskeiða til að bæta lestur og stafsetningu. Talað er um að mikilvægt sé að benda nemendum á námsaðferðir til úrbóta vegna erfiðleikanna. Þegar fjallað er um námsmat í sömu námskrá (1999:17) er tekið fram að taka þurfi tillit til sértækra erfiðleika nemenda sem greindir hafa verið með lestrar- og stafsetningarörðugleika. Þar er nefnt að nemendur þurfi að fá að haga próftöku í samræmi við sérþarfir sínar og tillögur sérfræðinga. Þar er m.a. nefnt að nota þurfi hjálpartæki eins og leiðréttingarforrit og orðabækur eða að breyta þurfi prófaðstæðum, stækka letur á verkefnum, lengja próftíma eða munnleg próf í stað skriflegra.

Námskrá framhaldsskóla í erlendum tungumálum³⁰ tekur aðeins á aðstæðum leshamlaðra þegar rætt er um námsmat en þar er nefnt að taka þurfi tillit til sértækra námserfiðleika og bent á umfjöllun um frávík frá prófareglum í almenna hluta aðalnámskrárinnar.

Í lögum um háskóla³¹ kemur ekkert fram sem varðar nema með hömlun eða fötlun. Við Háskóla Íslands er til samþykkt háskólaráðs frá 1995 um málefni fatlaðra stúdenta við skólann. Þar eru sértækir námsörðugleikar skilgreindir sem

²⁸ Aðalnámskrá framhaldsskóla, almennur hluti 1999:51

²⁹ Aðalnámskrá framhaldsskóla, íslenska 1999:9

³⁰ Aðalnámskrá framhaldsskóla, erlend tungumál 1999:15

³¹ Lög um háskóla, nr. 136 23. desember 1997

fötlun. Samþykktin fjallar um boðleiðir og viðbrögð skólans og þar koma fram stefnumið og tilmæli.

Á heimasíðu námsráðgjafar við Háskóla Íslands³² er getið um úrræði fyrir nema með fötlun eða sértæka námsörðugleika. Þar segir að úrræðum sem HÍ veitir megi skipta í þrennt: kennsluúrræði, námsúrræði og prófúrræði. Þessi úrræði eru síðan nánar skilgreind. Kennsluúrræði sem fram koma og gætu nýst leshömluðum eru m.a. hljóðritun fyrirlestra og „glósuvínur“. Námsúrræði felast m.a. í stuðningsviðtölum, sálfræðilegri ráðgjöf, námstækninámskeiði sem er sérstaklega lagað að þörfum leshamlaðra, skönnun á námsefni á tölvutækt form, aðstoð við heimanám, hljóðritun fyrirlestra, ljósrit af glærum kennara og aðgangur að tölvuherbergi. Prófúrræði sem nefnd eru og nýtast eru t.d. lenging próftíma, ritari í prófum, prófkvíðanámskeið, stækkuð prófblöð, lituð prófblöð, próftaka á tölvu, einrými á prófum og munnleg próf.

SAMANTEKT

Leshömlun er ævilöng hömlun og óháð greind. Hún er talin vera af taugafræðilegum toga og veldur þeim sem hana hefur erfiðleikum og ýmsum vanda, þó fyrst og fremst á sviði lestrar, stafsetningar og ritunar. Leshömlun getur verið mismikil milli einstaklinga. Í sumum tilfellum verður einkenna ekki vart fyrr en eftir að fyrstu skrefum í lestrarnámi lýkur. Þannig getur vandinn ef til vill ekki komið fram fyrr en kröfur skóla um mikinn lestur og góðan lesskilning eru settar fram eða að nám erlendra tungumála hefst. Talið er að um 5% nemenda finni fyrir umtalsverðum erfiðleikum vegna leshömlunar. Enn fleiri finna fyrir lestrarerfiðleikum af öðrum orsökum.

Þeir sem búa við leshömlun geta í flestum tilfellum mætt námskröfum skóla en þeir þurfa yfirleitt á stuðningi að halda. Sá stuðningur þarf að koma fram í þekkingu kennara, viðbrögðum og færni þeirra til að mæta þörfum þeirra í námi og í prófum. Helstu leiðir eru fjölbreyttir kennsluhættir, efling námsvitundar, ýmis konar aðstoð í formi dreifilda, hljóðbóka, víkjandi töflukennslu, séraðstæðna við prófatöku o.s.frv. Lög um háskóla tiltaka ekki skyldur við leshamlaða nema né heldur lög um framhaldsskóla. Þó er almennt orðað að þeim beri að mæta

³² Námsráðgjöf Háskóla Íslands. 3. ágúst 2001.
<http://www.hi.is/stofn/namsr/fotlun/fatfront.html>

þörfum allra nema. Í Aðalnámskrá framhaldsskóla er á nokkrum stöðum vikið að þörfum leshamlaðra og rétti þeirra til stuðnings við nám og próf.

3. FRAMKVÆMD KÖNNUNARINNAR

Tilgangur könnunarinnar var sá afla upplýsinga um aðstoð við leshamlaða nemendur á framhalds- og háskólastigi. Ákveðið var að leggja fyrir spurningalista með opnum spurningum (viðauki 1).

Skipta má inntaki spurninga í tvennt, form og inntak. Könnun sem þessi gefur ekki tilefni til að spyrja um gæði enda hefði þurft að koma til rannsókn sem gæfi færi á margprófun svara. Erindinu var beint til skólameistara og rektora sem flestir síðan beindu því hver fyrir sig innan skóla til annars starfsmanns. Yfirleitt virðast námsráðgjafar hafa fengið erindið til umfjöllunar. Svörin einkennast af þeirri sýn sem námsráðgjafar hafa á aðstoð við leshamlaða nemendur í sínum skóla. Því er ósvarað hvort önnur mynd hefði verið dregin upp ef leitað hefði verið upplýsinga frá fleiri aðilum innan skólanna.

Spurningafjöldi var stillt í hóf svo svarendur tækju frekar þátt í að svara könnuninni. Spurningalistarnir voru forprófaðir og lagaðir að þeim ábendingum sem fram komu í kjölfarið.

Könnunin ásamt fylgibréfi dagsettu 5. september 2000 (viðauki 2) var send til allra framhaldsskóla og háskóla á landinu skv. lista frá Menntamálaráðuneytinu. Listarnir voru sendir skólunum útprentaðir en einnig á disklingum. Svarumslög fylgdu sendingunni. Óskað var eftir því að skólar svöruðu könnuninni á disklingum og sendu þá til baka án þess að auðkenna sig fyrir 5. október 2000. Nokkur svör bárust fyrir tilskyldan tíma en yfirvofandi verkfall framhaldsskólakennara virtist tefja fyrir svörun. Í lok janúar 2001 eftir að verkfalli lauk var hringt í skólameistara og rektora, minnt á könnunina og farið fram á að henni yrði svarað hefði það ekki þegar verið gert. Viðbrögð voru góð og svo fór að frá 35 framhaldsskólum bárust alls 23 svör sem eru 66% heimtur. Fjöldi nema í þeim skólum voru 13.037 alls. Fjöldi nema í framhaldsskólum á Íslandi voru þá samkvæmt bráðabirgðatölum Hagstofu Íslands 19.909³³. Könnunin náði því til 65,5% nemenda í framhaldsskólum. Alls sendu 6 háskólar af 8 inn svör en það

³³ Hagstofa Íslands


eru 75% heimtur. Fjöldi nema í þessum 6 háskólum var 9616, sem er um 92% allra nemenda í háskólum á Íslandi. Fjöldi nema í háskólum samkvæmt Hagstofu var þá 10.495³⁴.

Við úrvinnslu voru svör skráð og athuguð fyrir hvort skólastig um sig. Vinnslufasar voru nokkrir en svör frá báðum stigum voru unnin á sama hátt. Til þess að setja túlkun og umræðu í eðlilegt samhengi var ákveðið að skýrslunni fylgdi stuttur fræðilegur kafli.

4. NIÐURSTÖÐUR


FRAMHALDSSKÓLAR

Alls sendu 23 framhaldsskólar af 35 inn svör en það eru 66% heimtur. Fjöldi nemenda í þeim voru 13.037.




Mynd 1 Skólar flokkaðir eftir nemendafjölda

³⁴ Hagstofa Íslands



Mynd 2 Skólástærð og hlutfall nem. sem fær stuðning vegna leshömlunar


Í þeim skólum sem tóku þátt í rannsókninni nutu 6.1% (799) nemenda aðstoðar á einn eða annan hátt vegna leshömlunar. Hæsta hlutfall leshamlaðra í einstökum skólum var 11.5% og lægst 0%. Stærð skólanna var misjöfn. Fámennasti skólinn hafði 23 nemendur en sá fjölmennasti 2200 nemendur.



Mynd 3 Stefna skóla varðandi nemendur með leshömlun

Allir skólarnir utan einn höfðu sett sér stefnu varðandi aðstoð við nemendur með leshömlun. Sá skóli sem ekki hafði mótað formlega stefnu á þessu sviði var mjög fámennur. Í reynd veitti þessi skóli nemanda frávík frá framvindukröfum í námi. Einungis fjórðungur skólanna svaraði því hver stefnan raunverulega væri. Flestir skólar nefndu ekkert sérstakt en orðuðu stefnuna almennt s.s. að: „Að

koma til móts við þá“ yfir í að „...beina nemendum í könnun ef ástæða þykir til.“ Svör við öðrum spurningum drógu fram að mun meiri aðstoð væri veitt en fram kom í stefnuorðum skólanna. Dæmi um það er að einungis þrír (13%) skólanna nefndu að það væri til stefna um tilhliðrun vegna próftöku. Seinna í könnuninni lýstu skólarnir aðstoðinni sem þeir veittu og kom þar fram að 70% þeirra veittu tilhliðranir við próftöku. Af þessu virðist mega draga þá ályktun að stefnan sé fremur vinnulegs eðlis en formleg.



Mynd 4 Aðstoð kynnt nemendum

Allir framhaldsskólar utan einn sögðust kynna nemendum formlega hvaða aðstoð og tilhliðranir stæðu til boða. Í þriðjung skólanna var rætt við alla nýnema að hausti. Ýmist voru það umsjónakennarar eða námsráðgjafar sem komu inn í bekk nýnema og gerðu þeim grein fyrir aðstoð sem stæði til boða af hálfu skólans. Tæpur helmingur skólanna nefndi viðtöl námsráðgjafa við nemendur. Margvíslegar aðrar leiðir upplýsingagjafar voru nefndar af einum eða tveimur skólum s.s. foreldrafundir, auglýsingaskjár skólans, kynning í 10. bekk, viðtöl námsráðgjafa eða sérkennara við foreldra, fréttabréf skólans, auglýst var eftir nemendum sem þurftu hljóðbækur, kynning á sérstökum áfanga fyrir leshamlaða nema, auglýst var eftir umsóknum um tilhliðranir á prófum og viðtalstímar umsjónakennara.


Þegar spurt var um hvernig framhaldsskólar öðluðust vitneskju um hvort nemendur hefðu leshömlun þá komu fram margvísleg svör.




Mynd 5 Leiðir fyrir skólana til að öðlast upplýsingar um leshömlun nem.

Einungis fjórðungur skólanna óskaði eftir upplýsingum af þessu tagi á umsóknarblöðum sínum. Algengast (70%) var að nemendurnir sjálfir eða foreldrar þeirra létu skólana vita. Helmingur skólanna sagði að nemendurnir sjálfir kæmu með greiningu með sér inn í skólann. Þriðjungur skólanna lagði stafsetningarpróf fyrir nýnema. Tæpur helmingur skólanna sagði að kennarar gerðu námsráðgjöfum viðvart. Athyglisvert er að í fjórum tilvikum fengu framhaldsskólar upplýsingar frá grunnskólum eða skólaskrifstofu í héraði. Ekki kom fram hvort eða hvers konar samþykki lægi fyrir frá nemendum sjálfum og forráðamönnum þeirra í þeim tilvikum.

Varðandi upplýsingagjöf til einstakra kennara innan framhaldsskólanna þá var algengast að námsráðgjafar (74%) upplýstu kennara um þessa nemendur. Einnig gátu umsjónakennarar, deildarstjóri eða skólameistarar haft þessa upplýsingagjöf með höndum. Dæmi var um að foreldrar upplýstu kennara um þarfir nemenda. Í einum skóla var nemendum sjálfum ætlað að ræða við kennara sína en þeir gátu óskað eftir að námsráðgjafi tæki það að sér.




Mynd 6 Þekking kennara á leshömlun og þörfum nemenda



Mynd 7 Þekking kennara á leshömlun og þörfum nemenda

Spurt var um þekkingu kennara á leshömlun og þörfum nema í því sambandi. 60% skólanna (14) svöruðu spurningunni beint. Sex skólar töldu að staðan væri þokkaleg eða góð. Sumir skólanna sögðu að þekking kennara væri misjöfn, aðrir sögðu að hún mætti vera betri eða væri lítil sem engin. Í einum skóla var ekki vitað hvernig þekkingu kennara væri háttáð. Ekki var spurt um hvernig kennarar öfluðu sér slíkrar þekkingar en all nokkrir skólar sögðu frá því eigi að síður. Í átta skólum var nefnt að kennarar hefðu sótt formleg námskeið eða fræðslufundi um leshömlun. Í fimm skólum var upplýsingum dreift til kennara og aðrir fimm skólar nefndu að námsráðgjafi fræddi kennara. Í einu tilviki var sagt að skólinn pantaði bækur um efnið og í öðru tilviki að kennarar þyrftu sjálfir að afla sér þekkingar

um leshömlun. Þeir skólar sem höfðu hæst hlutfall leshamlaðra báru sig fremur vel að þessu leyti.




Mynd 8 Suðningur skóla við leshamlaða nemendur

Þegar leitað var svara við því hvernig aðstoðin kæmi fram í kennslu og námi kom í ljós að aðstoð skólanna náði lengst varðandi próftöku en 74% skólanna nefndu ýmsar ráðstafanir af því tagi.

Rúmur helmingur skólanna (13) útvegaði nemendum hljóðbækur og 10 skólar (43%) buðu upp á stuðningskennslu eða sérstaka áfanga fyrir nemendur með leshömlun. Um 20% skólanna bauð nemendum upp á námskeið í námstækni. Fjöldmörg önnur atriði voru nefnd en af fáum skólum. Þau tengdust hjálpargögnum, frávikum frá kröfum, auknu tilboði um námskeið, ráðgjöf eða beinni aðstoð s.s. varðandi glósur. Enginn skólanna vék að kennsluaðferðum


s.s. að þær væru aðlagðar þörfum nemenda eða að kennarar tækju upp ný vinnubrögð sem betur nýttust leshömluðum nemendum til náms.

Þriðjungur skólanna (8) skar sig úr hvað varðar fjölbreytni stuðnings við leshamlaða nema. Tveir þessara skóla stóðu sig sýnu best hvað þetta varðar. Annar þeirra hafði tæplega 800 nemendur og höfðu 5% þeirra greinst með leshömlun. Sá skóli nefndi fjölþættar ívilnanir vegna próftöku auk þess sem níu mismunandi þættir stuðnings voru nefndir. Hinn skólinn hafði um 350 nemendur og höfðu 6.4% þeirra leshömlun. Sá skóli bauð einnig fjölþættan stuðning. Báðir þessara skóla buðu nemendum sérstaka áfanga í íslensku, námskeið í námstækni og annar þeirra nefndi einnig hraðlestrarnámskeið. Þeir skólar sem styst voru komnir áleiðis buðu tilhliðranir við próftöku eða undanþágu vegna framvindukrafna.




Mynd 9 Umsjón og ábyrgð innan skóla á aðstoð við nem. með leshömlun

Í 83% skólanna voru það námsráðgjafar sem höfðu umsjón með og báru ábyrgð á aðstoð við nemendur með leshömlun. Í öðrum skólum voru nefndir skólameistari, aðstoðarskólameistari, deildarstjóri í íslensku eða viðkomandi kennarar. Í þriðjungi skólanna var umsjón og ábyrgð deild milli nokkurra starfsmanna s.s. námsráðgjafa, umsjónarkennara og sérkennara. Í einum skóla var enginn ábyrgðarmaður með þessum málaflokki.




Mynd 10 Greiningaraðilar

Í 19 skólum (83%) tóku framhaldsskólar gildar greiningar frá Lestrarmiðstöð Kennaraháskóla Íslands. Í 13 skólum (56%) voru viðurkenndar greiningar frá sálfræðingum með sérhæfingu. Sérkennarar voru viðurkenndir af átta skólum en í þremur tilfellum voru teknar gildar greiningar frá skólaskrifstofum. Án efa eru þær unnar af sérkennurum eða sálfræðingum þeirra stofnana. Tveir skólar svöruðu ekki spurningunni.



Mynd 11 Fjármögnun greininga

Yfirleitt greiddu nemendurnir sjálfir fyrir greiningar á leshömlun. Þó greiddu þrír framhaldsskólar fyrir hópgreiningu og aðrir tveir skólar tóku þátt í slíkum kostnaði. Tveir skólanna greiddu sjálfir fyrir greiningar. Einn skólinn sagði að "ríkið" greiddi fyrir greiningar.



Mynd 12 Æskilegar umbætur

Skólar voru beðnir um að leggja mat á hvort úrbóta væri þörf og um hvað gæti verið að ræða. Allir skólarnir utan einn töldu að umbóta væri þörf og nefndu margvísleg dæmi um úrbætur. Fimm þættir voru mest áberandi í svörum skólanna. Fyrst og fremst töldu þeir (48%) að þörf væri á meiri fræðslu til kennara um leshömlun og hvernig kennarar gætu brugðist við henni. Þriðjungur skólanna taldi mikilvægt að fá aukið fjármagn inn í skólana til að sinna málaflokknum betur. Einnig var talið æskilegt (30%) að bjóða nemendum upp á meiri kennslu, ráðgjöf og námskeið í námstækni og 21% vildi fá sérkennara inn í skólana til að vinna með nemendum.

Fáir skólar nefndu einnig aðra þætti s.s. aukið upplýsingaflæði milli skólastiga, að greiningar færu fram fyrir á skólagöngunni, þá væntanlega í grunnskóla, brýnt væri að fá aðgang að sérfræðiþjónustu og auka þyrfti hljóðbókakost. Ýmsir skólanna ræddu ítarlega ýmsar ábendingar og kom berlega fram að margir framhaldsskólanna fundu hvar skóinn kreppti og sáu leiðir sem mætti koma á til að bæta þjónustuna.

SAMANTEKT NIÐURSTAÐNA ÚR FRAMHALDSSKÓLUM

Rúm 6% nemenda í framhaldsskólum búa við skilgreinda leshömlun. Nánast allir skólanna hafa sett fram stefnu varðandi aðstoð til handa þessum nemendum. Mikill munur er þó á milli skóla hvað varðar raunverulega aðstoð. Sumir skólar virðast veita þessum nemendum mikla aðstoð, einkum eru það tveir skólar sem skera sig úr að þessu leyti. Skólunum þykir auðveldast að koma til móts við nemendur við prófatöku og eru nefndar margvíslegar leiðir í því sambandi. Nokkuð algengt er að nemendur fái hljóðbækur en fáir skólar nefna verulegar tilhliðranir af kennslufræðilegum toga og reyndar nefnir enginn skóli að almennir kennarar aðlagi kennslu að þörfum leshamlaðra nemenda. Af svörum skólanna má ætla að þekking kennara á leshömlun sé misjöfn. Allgóð í sumum skólum en lítil í öðrum. Yfirleitt eru það námsráðgjafar sem bera ábyrgð á stuðningi við leshamlaða nemendur. Helstu greiningaraðilar eru sérfræðingar hjá Lestrarmiðstöð KHÍ en því næst eru það sálfræðingar og þar næst sérkennarar með sérmenntun.

HÁSKÓLAR

Alls sendu sex háskólar af átta inn svör eða 75%. Fjöldi nema í þeim voru 9616. Af þeim nutu 1% (97) nema aðstoðar á einn eða annan hátt vegna leshömlunar. Fámennasti háskólinn hafði 50 nema en sá fjölmennasti 6690. Allir skólarnir utan einn höfðu sett sér stefnu varðandi aðstoð við nema með leshömlun. Sá skóli sem ekki hafði enn mótað sér stefnu á þessu sviði veitti eigi að síður tveimur nemum nokkra aðstoð vegna leshömlunar.


Misjafnt var hvernig háskólarnir kynntu nemum hvaða aðstoð og tilhliðranir stæðu til boða. Meiri hluti skólanna fól námsráðgjöfum að hafa samband við nýnema og tveir skólanna nefndu upplýsingar á heimasíðu. Aðrar leiðir voru nefndar einu sinni en þær voru kynning á innritunarblaði, kynning á námstækniámskeiði sem nýnemar sæktu og kynning í bæklingi sem skóli dreifði. Einn skólinn sagðist ekki standa fyrir sérstakri kynningu.

Þegar spurningunni var snúið við og spurt um hvernig háskólar öðluðust vitneskju um hvort nemar hefðu leshömlun þá kom fram í öllum skólunum að

Það væru nemarnir sjálfir sem sögðu frá stöðunni. Á umsóknarblaði helmings (3) skólanna var sérstakur reitur sem merkja átti við þyrftu nemandar á aðstoð að halda. Í tveimur tilfellum komu upplýsingar frá námsráðgjöfum framhaldsskólanna og einu sinni var nefnt að kennarar kæmu auga á „vandkvæði“. Það var reyndar sá skóli sem ekki hafði neitt formlegt ferli varðandi leshamlaða til að vinna eftir.

Auk þess að svara til um hvernig skólarnir fengju upplýsingar um leshamlaða nema var einnig spurt hvernig einstakir kennarar fengju að vita um sértækar þarfir nema. Í öllum tilfellum var það neminn sjálfur sem upplýsti kennara. Í helmingi skólanna voru það jafnframt námsráðgjafar eða aðstoðarrektor sem létu kennara vita um stöðuna.

Þegar leitað var svara við því hvernig aðstoðin kæmi fram í kennslu og námi kom í ljós að aðstoðin beindist fyrst og fremst að próftöku en síður eða ekki að kennslu og námi. Tilhliðranir vegna próftöku komu fram í lengri próftíma (5), próftöku í fámenni eða einrúmi (2) og letur var stækkað á prófum og mögulegt var að fá prófin ljósrituð á litaðan pappír (2). Einn skóli gaf kost á munnlegum prófum.




Mynd 13 Aðstoð veitt á háskólastigi

Ekki varð séð af svörum skólanna að kennslan sjálf tæki mið af leshömluðum nemum. Þeir fengu hins vegar tilhliðranir s.s. varðandi upptöku á fyrirlestrum, afrit af glærum og hljóðbækur. Einnig var nefnd sveigjanleg námsframvinda og aðstoð glósuvinar. Einn skólinn og sá fjölmennasti skar sig úr hvað varðar fjölþætt framboð aðstoðar. Sá skóli nefndi níu leiðir aðstoðar og tilhliðrana. Þrjú skólanna nefndu einungis eina leið.

Í fjórum skólum af sex kom fram að námsráðgjafar gegndu meginhlutverki varðandi umsjón og ábyrgð á aðstoð við nema með leshömlun. Reyndar var ábyrgðinni í einum þeirra skipt á milli námsráðgjafa, prófstjóra og skrifstofustjóra deilda. Í einum skóla bar aðstoðarrekstur ábyrgðina og í þeim sjötta bar hver og einn kennari ábyrgðina.

Það var mat helmings skólanna (3 skólar) að almennur þekkingarskortur á leshömlun væri á meðal kennara. Í hinum helmingi skólanna var ekki vitað hvernig þekkingu kennaranna væri háttað.



Mynd 14 Greiningaraðilar að mati háskóla

Allir háskólarnir tóku gildar greiningar frá Lestrarmiðstöð Kennaraháskóla Íslands. Helmingur nefndi að auki sálfræðinga með sérhæfingu. Einnig voru viðurkenndir sérfræðingar, sérfræðingar með tilskilin réttindi og sérstakar greiningarstofnanir nefndar án þess að þar væri nánar skilgreint við hvað væri átt. Ekki var útskýrt til hverra var verið að vísa þar sem skólarnir voru þegar búnir að nefna Lestrarmiðstöð KHÍ. Einn skólinn vildi nýjar greiningar við innritun sem væru „vel, faglega og ítarlega unnar“. Einn svarenda tók fram að hann teldi

alltof fáa sinna greiningum. Kostnað af greiningum báru nemarnir sjálfir sögðu fjórir skólanna.

Skólar voru beðnir um að leggja mat á hvort úrbóta væri þörf og ef svo væri að nefna þær. Fjórir skólanna töldu svo vera. Þeir nefndu þó eingöngu þá hlið sem lýtur að greiningum. Tveir töldu að það væri fullseint að frumgreina leshömlun þegar namar væru komnir í háskólanám og einn þeirra vildi fá aðgang að formlegum greiningaraðila á Akureyri. Enginn skólinn nefndi atriði sem lutu að umbótum á þeirra eigin starfi, hvorki varðandi skipulag eða kennsluhætti.

SAMANTEKT NIÐURSTAÐNA HÁSKÓLASTIGS

Einungis um 1% háskólanema nýtur einhvers konar fyrirgreiðslu eða aðstoðar vegna leshömlunar. Flestir skólanna kynna úrræði sem bjóðast persónulega með viðtölum námsráðgjafa og/ eða stuðningur er kynntur á innritunarblaði, bæklingi eða heimasíðu. Háskólanemar bera sjálfir ábyrgð á að upplýsa einstaka kennara um þarfir sínar. Í helmingi skólanna eru það einnig námsráðgjafar eða aðstoðarrektor sem hafa samband við kennara. Aðstoð skólanna kemur nánast eingöngu fram í tilhliðrunum við próftöku. Í einstaka tilfellum er um fleira að ræða s.s. hljóðbækur, glósuvín og ljósrit af glærum. Einn skóli sker sig þó úr hvað varðar fjölbreyttan stuðning. Yfirleitt eru það námsráðgjafar sem bera ábyrgð á aðstoð skólanna við leshamlaða nemendur. Ýmist er að háskólar vita ekki hver þekking kennaranna er á leshömlun og þörfum leshamlaðra í námi eða þekkingin talin lítil. Allir skólarnir taka gildar greiningar frá Lestrarmiðstöð KHÍ en sumir nefna einnig viðurkennda sérfræðinga.

5. UMRÆÐA

Þótt leshömlun hafi verið þekkt að segja má alla síðustu öld, þá var sú þekking eingöngu fyrir fáa og voru hvorki almennir kennarar né almenningur meðvitaður um leshömlun. Það er ekki fyrr en á síðstu 10 til 15 árum að þekking á leshömlun hefur aukist til muna á Íslandi. Að hluta til fylgir þessi þróun erlendum straumum en einnig skipti stórátak Kennaraháskóla Íslands á 9. og 10.

áratugnum sköpum en þá átti fjöldi kennara kost á framhaldsmenntun í sérkennslufræðum.

Könnunin sem hér er birt gefur ýmsar verðmætar upplýsingar um stöðu og stuðning við nemendur með leshömlun í skólakerfinu eftir að skólaskyldu lýkur. Fjöldi nemenda sem fékk stuðning vegna leshömlunar í framhaldsskólum var 6,1% og endurspeglar sá fjöldi eðlilegt hlutfall leshamlaðra. Samkvæmt tölum frá 1998³⁵ skiluðu 89% nemenda sér úr grunnskóla í framhaldsskóla en aðeins 64% árgangsins var í námi á síðasta ári í framhaldsskóla. Af tölum frá háskólastiginu er ljóst að fáir leshamlaðir skila sér til háskólanáms en fram kemur að einungis um 1% (97/9616) fær stuðning vegna leshömlunar. Þetta eru lítið eitt færri nemar en í Bretlandi en þar er hlutfall leshamlaðra 1,2 -1,5%³⁶ í háskólum.

Ekki var spurt um hve margir greindust með leshömlun eftir að þeir luku grunnskóla en höfundar skýrslunnar þekkja af eigin raun að það eru allmargir nemendur sem fá fyrstu greiningu eftir að þeir hefja nám í framhaldsskóla. Ábending um þörf á að greina fyrr kom einnig fram í svörum frá framhaldsskólum. Ýmis dæmi annars staðar frá eru einnig þekkt um fyrstu greiningu eftir að í háskóla er komið³⁷. Í Englandi greinast 43% þeirra sem eru leshamlaðir og stunda háskólanám fyrst þegar þeir hefja háskólanám³⁸.

Heppilegast væri að finna sem flesta leshamlaða nemendur sem fyrst í grunnskóla. Skýringarnar á því hvers vegna sumir greinast eftir að skyldunámi lýkur geta vafalaust verið margvíslegar. Ein er sú að kröfur grunnskólans um læsi og bóklestur eru vafalaust mun minni en hinna skólastiginna og auknar kröfur framhaldsskólanna um lestrarfærni draga skýrar fram lestrarvandann. Hugsanlegt er að sumir grunnskólar standi sig ekki hvað varðar leit og aðstoð við leshamlaða. Loks getur það haft áhrif á frammistöðu þegar kröfur aukast í framhaldsskóla, hve lítið og ómarkvisst grunnskólanemendum er kennt að lesa og skilja fræðilegan texta³⁹. Frammistaða 14 ára nemenda var einmitt slök á þessum þætti í alþjóðlegri könnun á læsi⁴⁰.

Athyglisvert er að skoða hve margir nemendur tóku samræmd próf í 10. bekk vorið 2001 með frávikum. 12,0% til 14,2% nemenda sem skráðir voru í próf

³⁵ Hagstofa Íslands

³⁶ Singleton, Chris 1999:42

³⁷ Schwartz 1997

³⁸ Singleton, Chris 1999:42

³⁹ Rósa Eggertsdóttir 1998:6-8

⁴⁰ Sigríður Þ. Valgeirsdóttir 1993:20

höfðu heimild til að taka próf með frávikum vorið 2001⁴¹. Samkvæmt upplýsingum frá Námsmatsstofnun óskuðu skólar eftir lestraraðstoð (spólu) fyrir 7,9% nemenda á landsvísu og fyrir 7,7% var óskað eftir lengri tíma sem eru um 46% þeirra sem óskað var frávika fyrir. Notkunin á spólum virðist ekki vera í samræmi við óskir, þar sem gögn í vinnslu hjá Námsmatsstofnun benda til að 3,4% nemenda hafi í raun notað spólurnar í prófunum.⁴²

Misjafnt er hvernig skólarnir fá upplýsingar um leshamlaða nemendur. Í átta framhaldsskólum er leitað kerfisbundið að leshömlun meðal nýnema með því að leggja fyrir þá stafsetningarpróf. Í nokkrum tilfellum er reitur á umsóknarblaði fyrir upplýsingar af þessu tagi. Annars er nefnt að nemendur sjálfir láti vita af sér eða að kennarar láti vita um áhyggjur sínar eftir að kennsla hefst. Athygli vekur að fimm framhaldsskólar segjast fá upplýsingar um leshamlaða nemendur frá grunnskólum, fyrri skólum og/eða skólaskrifstofu í héraði en ekki tekið fram hvort þær berist með leyfi viðkomandi nemanda eða forráðamanna þeirra en formlegt umboð þarf fyrir því að flytja slíkar upplýsingar milli skóla og skólastiga. Engin ein leið virðist ríkjandi af hálfu skólanna og reiðir yfir helmingur framhaldsskólanna sig á að nemendur láti vita eða að kennarar komi auga á einkennin. Það kemur fram að mikill minni hluti skólanna telur kennara sína hafa allgóða þekkingu á leshömlun.

Helmingur háskólanna hefur sérstakan reit á umsóknarblaði og allir nefna að nemandur sjálfir láti vita ef þeir búa við leshömlun. Á háskólastiginu er ýmist ekki vitað hvernig þekkingu kennara er háttað eða henni er talið vera ábótavant en einmitt eitt af því sem talið er hvað mikilvægast í sambandi við stuðning við leshamlaða nemendur er þekking kennara og annarra starfsmanna skólans á leshömlun.⁴³

Nemendur fá upplýsingar um stuðning eftir ýmsum leiðum. Á háskólastiginu er námsráðgjafinn í lykilhlutverki. Einn skóli sker sig þó úr hvað varðar góða kynningu en hann nefnir auk kynningar frá námsráðgjafa, kynningu í bæklingi frá skólanum, á heimasíðu og á fundi með nýnemum. Á framhaldsskólastigi eru námsráðgjafar og/eða umsjónakennarar nýnema í lykilhlutverki. Sá skóli sem stendur sig best kynnir stuðninginn á foreldrafundum nýnema, auglýsir á skjávarpi skólans og sendir út fréttabréf auk þess sem námsráðgjafi ræðir sérstaklega við bekkni nýnema. Eitt af því sem þjáir suma leshamlaða nemendur

⁴¹ Sigurgrímur Skúlason ofl. 2001:7

⁴² Sigurgrímur Skúlason 2001

⁴³ Singleton 1999:162

er slök heyrnarskynjun og slakt skammtímaminni. Því er mikilvægt að skólar séu vakandi fyrir því að veita upplýsingar um stuðning á vegum skólans eftir nokkrum mismunandi leiðum.

Stuðningur sem nemendur eiga kost á er afar mismunandi eftir skólum. Þeir sem framast standa veita fjölpættan stuðning en aðrir skólar gefa einungis kost á aðstoð við prófatöku. Sama gildir um háskólastigið en tilhliðranir vegna prófatöku eru algengastar. Athyglisvert er að enginn skóli á hvorugu skólastiginu telur að kennarar aðlagi kennslu sína að þörfum nemenda. Flest þau úrræði sem nefnd eru á könnu námsráðgjafa eða sérkennara. Hinn almenni kennari kemur ekki fram sem aðili að úrræðum nema hvað allmargir skólar nefna að kennarar komi auga á vandann. Því er ósvarað hvort svör við könnuninni hefðu orðið önnur ef kennarar sjálfir hefðu svaraði henni. Það sama gildir um nemendur hefðu þeir verið spurðir.

Eðlilegt verður að telja að skólar vilji að nýlegar greiningar fylgi nýnemum áður en aðstoð er veitt. Sumir skólar taka ekki gilda greiningar frá öllum þeim sem taka að sér slík verk heldur kjósa þeir að mæla með tilteknum greiningaraðilum, einkum í Reykjavík. Þetta getur valdið verulegum óþægindum, ekki síst úti um land. Engin formleg vottun er til af hálfu Menntamálaráðuneytisins eða annarra varðandi leyfi til greininga. Sú hefð hefur þó skapast að sérkennarar og sálfræðingar sinna þessu verkefni. Hvorki viðkomandi nemandi né heldur skólar hafa tryggingu fyrir gæðum greiningarinnar.

Ýmis dæmi eru um að skólar láti sér nægja upplýsingar sem aflað er innan skólans enda er þá gjarnan einhver innan hans sem hefur góða þekkingu á leshömlun. Greiningar eru nánast alfarið kostaðar af nemendum sjálfum en tveir framhaldsskólar taka þátt í kostnað við hópgreiningu og þrír slíkir skólar greiða hana alfarið. Einstaklingsgreiningar kosta nú á bilinu kr. 15.000 – 30.000⁴⁴ sem er umtalsverð upphæð fyrir námsmann. Málum er á annan veg háttað í Englandi. Í 60% tilfella greiða háskólarnir sjálfir fyrir greiningar en í 30% tilfella eru þær fjármagnaðar með öðrum hætti. Einungis 10% háskólanema greiða sjálfir fyrir lesgreininguna⁴⁵. Það er full þörf á að spyrja hvort eðlilegt geti talist að nemendur sem sækja skóla sem reknir eru af samfélaginu þurfi sjálfir að standa straum af kostnaði sem þessum.

⁴⁴ Þóra Björk Jónsdóttir og Ingvar Guðnason 2000

⁴⁵ Singleton, Chris 1999:40

Í áðurnefndri skýrslu um rannsókn á stöðu leshamlaðra háskólanema í Bretlandi eru kynntir þættir sem taldir eru skipta mestu máli í sambandi við stuðning við leshamlaða nemendur. Þessi upptalning getur verið leiðbeinandi fyrir skóla sem eru að setja sér stefnu í þessum málum. Fyrst og fremst þarf að:

- ◆ Setja fram heildarstefnu í málefnum leshamlaðra
- ◆ Koma á fræðslu um leshömlun fyrir starfsmenn
- ◆ Huga að sérstökum aðstæðum vegna mats og prófatöku
- ◆ Ráða stuðningsaðila og ráðgjafa fyrir nemendur með leshömlun
- ◆ Styðja nemendur við að sækja um sérstaka aðstoð ætlaða fötluðum

Því næst þarf að:

- ◆ Greiða kostnað vegna greininga
- ◆ Veita tæknilegan stuðning og þjálfun
- ◆ Koma á námstækninámskeiði
- ◆ Skimprófa þá nemendur sem grunur leikur á að geti verið með leshömlun
- ◆ Huga að því hvernig bókasafn verður best aðlagð eða eftt til að hjálpa leshömluðum nemendum
- ◆ Koma á viðmiðum um hvernig leiðréttu og meta á vinnu leshamlaðra nemenda⁴⁶

Við lok þessarar skýrslu þykir höfundum rétt að undirstrika að þessi könnun gefur ekki innsýn í gæði stuðningsins og bíður það annars tíma að fara ítarlegar í saumana á högum leshamlaðra nemenda á þessum skólastigum.

SAMANTEKT:

- ◆ Umhyggja gagnvart nemendum með leshömlun er fyrir hendi í framhaldsskólum og háskólum og vilji er til að mæta þörfum þeirra. Ekki er öruggt að núverandi áherslur skólanna varðandi stuðning séu á þann veg að þær mæti brýnustu þörfum þessara nemenda.
- ◆ Stefna skólanna liggur nú þegar fyrir eða hún er að mótast. Mikill munur er á milli skóla varðandi framboð á stuðningi. Talsverður munur virðist vera á formlegri stefnu skólanna og framkvæmd í reynd en hún nær oft mun lengra en skólastefnan segir til um. Ferli innan skólanna virðast víða vera óljós.

⁴⁶ Singleton 1999:162

- ◆ Misjafnt er hvernig skólar öðlast upplýsingar um leshamlaða nemendur. Háskólar leita ekki kerfisbundið eftir leshömlun meðal nýnema og sjá namar sjálfir um að láta skóla vita um stöðu sína ýmist á umsóknablaði eða ræða við kennara eða námsráðgjafa. Sama á við um framhaldsskóla en þar er algengast að nemendur sjálfir láti vita um leshömlun sína. Mikill minni hluti skólanna leitar kerfisbundið eftir leshömlun meðal nýnema.
- ◆ Aðstoð skólanna við nemendur með leshömlun er aðallega kynnt á fundum með nýnemum eða í viðtölum við námsráðgjafa. Aðrar leiðir eru notaðar en af fáum skólum.
- ◆ Stuðningur skóla beinist fyrst og fremst að því að bjóða nemendum ýmsar tilhliðranir vegna próftöku. Um helmingur framhaldsskóla býður nemendum upp á hljóðbækur og nokkuð er um sérstaka stuðningskennslu. Stuðningur af margvíslegum öðrum toga virðist standa til boða innan skólanna en er nefndur af fáum skólum. Sá stuðningur sem kæmi nemendum best, þ.e. aðlagðir kennsluhættir í almennri kennslu er aldrei nefndur beinlínis í svörum skólanna.
- ◆ Hluti kennara og kennarahópar í framhaldsskólum hafa nokkra þekkingu á leshömlun en almennt virðist þekkingu kennara vera ábótavant á þessu sviði. Þekking kennara háskólastigsins á leshömlun virðist vera mjög takmörkuð.
- ◆ Greining á leshömlun fyrir hópa eða einstaklinga fer sjaldan fram á vegum skólanna sjálfra þótt þeir kunni að beina nemendum í slíkar greiningar enda þurfa nemendur venjulega að greiða sjálfir fyrir þær. Ekki virðist vera nein stefna til í skólunum um slíkar greiningar, hvorki hvað varðar aðgengi, kostnað eða gæði.
- ◆ Athyglisvert er að þegar háskólar nefna greiningaraðila þá eru, fyrir utan Lestrarmiðstöð KHÍ, nefndir sérhæfðir sálfræðingar, sérfræðingar með réttindi og viðurkenndir sérfræðingar. Ekki er vitað um að til sé nein stofnun eða aðili á Íslandi sem vottar hæfni eða gæði sérfræðinga til lesgreininga.

ÁLYKTANIR:

- ◆ Brýnast er að koma öllum þáttum varðandi stuðning við leshamlaða í fastara form en nú er í mörgum skólum. Ferlar innan skólanna þurfa að vera ljósir. Við innritun þarf að spyrja skipulega um leshömlun og nauðsynlegt er að framhaldsskólar skimi lestur og ritun nemenda í skólabyrjun ásamt því að leggja fyrir þá spurningalista um ýmis atriði sem varða námshætti og námsþarfir.
- ◆ Mikilvægt er að kennarar eigi greiðan aðgang að fræðslu og stuðningi vegna kennslu leshamlaðra nemenda. Þekking á leshömlun er forsenda þess að hægt sé að veita nemendum stuðning við hæfi og koma til móts við námslegar þarfir þeirra. Kennarar þurfa að þekkja til og tileinka sér kennsluhætti sem henta nemendum með leshömlun.
- ◆ Mikilvægt er að efna til fræðslu meðal leshamlaðra sjálfra um leshömlun og áhrif hennar.
- ◆ Móta þarf stefnu varðandi greiningu á leshömlun, skilgreina lesgreiningu sem hluta af þjónustu skóla við nemendur og setja viðmið um hvað slík greining feli í sér.
- ◆ Mikilvægt er að það fari fram umræða um ábyrgð hvað varðar kostnað við lesgreiningar eftir að skyldunámi lýkur. Spyrja má hvort það sé ásættanlegt að nemendum fram að tvítugsaldri sé sjálfum ætlað að greiða fyrir slíka þjónustu en ljóst er að stór hluti nemenda er að greinast í fyrsta sinn þegar þeir koma í framhaldsskóla eða í háskóla.
- ◆ Benda má á nauðsyn þess að Menntamálaráðuneytið sjái til þess að sérfræðingar geti öðlast réttindi eða viðurkenningu til þess að stunda lesgreiningar. Það myndi tryggja leshömluðum og skólum nauðsynleg gæði.

6. HEIMILDASKRÁ

Aðalnámskrá framhaldsskóla, almennur hluti. 1999.

<http://bella.stjr.is/utgafuskra/?strengur=9979-882-26-3>

Aðalnámskrá framhaldsskóla, erlend tungumál. 1999.

<http://bella.stjr.is/utgafuskra/?strengur=9979-882-35-2>

Aðalnámskrá framhaldsskóla, íslenska. 1999.

<http://bella.stjr.is/utgafuskra/?strengur=9979-882-27-1>

Austad o.fl. 1993. Lese- og skrivevanskar i vidaregående skole. Oslo, J.W.Cappelens Forlag.

British Dyslexia Association. 1998. Í The Dyslexia handbook. Ritstj. J. Jacobson. Reading, BDA.

Ellis, Andrew W. 1984. Reading, Writing and Dyslexia: A Cognitive Analysis. London, LEA.

The First International Multilingualism and Dyslexia Conference. Manchester, England June 17-19, 1999. Reported by Robin L. Schwarz. American University, Washington, DC. Tilvísun í Sparks og Ganschow.

http://www.idonline.org/whats_new/multilingualims_conf699.html

Fjölur Ásbjörnsson. 1997. Lestrarpjálfun. Reykjavík, Bókaforglafið Una.

Freyr Hermannsson. 2000. Fyrirlestur á Málþingi Menntamálaráðuneytis um lesskimun og lestrarörðugleika 6. júní 2000.

Gerritsen, Jan. 1996. How Tomatis Method Accelerates. Learning Foreign languages. ©The Tomatis Listening and Learning Center.

<http://www.tomatis.com/language.html>

Gunnar Hersveinsson. 2000. Punktur af málþingi. MENNTUN. Morgunblaðið 10. júní 2000. Reykjavík, Árvakur.

Hagstofa Íslands. Nemendur í framhaldsskólum og háskólum haustið 2000

Bráðabirgðatölur . <http://www.hagstofa.is/> (9.8.2001)

Hodge, Margarita E. Teaching Foreign Language to At-Risk Learners: A Challenge for the New Millennium. Inquiry: Vol.2, No. 1, Spring 1998, 68-78.

© 1998 Virginia Community College System.

Jónas Halldórsson. 2000. Fyrirlestur á Málþingi Menntamálaráðuneytis um lesskimun og lestrarörðugleika 6. júní 2000.

Jones, Christopher. 1990. Foreign Language Peer Tutors. ADFL Bulletin Vol.21, No.3. Spring 1990: 44-48). <http://www.ade.org/adfl/bulletin/V21N3/213044.htm>

Lög um framhaldsskóla nr. 80/1996

<http://www.althingi.is/lagasofn/nuna/1996080.html>

Lög um háskóla, nr. 136/1997

Matty, J. 1995. Dyslexia: Signposts to Success. A guide for dyslexic adults. Reading, British Dyslexia Association.

Miller-Guron, Louise og Ingvar Lundberg. 2000. Dyslexia and second language reading: A second bite at the apple?. Reading and Writing: An Interdisciplinary Journal 12:41-61. ©2000 Kluwer Academic Publishers. Printed in Netherlands.

Morgunblaðið 10. júní 2000. MENNTUN. Punktur af málþingi. Reykjavík, Árvakur.

Námsráðgjöf Háskóla Íslands. <http://www.hi.is/stofn/namsr/fotlun/fatfront.html> (3. 8.2001)

Páll Tryggvason ofl. 2000. Börn og ungmenni með geðræn vandamál – þjónusta utan sjúkrastofnana. Skýrsla starfshóps landlæknis. Reykjavík, Landlæknisembættið.

Rannveig Lund. 2000. Fyrirlestur á Málþingi Menntamálaráðuneytis um lesskimun og lestrarörðugleika 6. júní 2000.

Reglugerð um innritun nemenda í framhaldsskóla 98/2000

Reid, Gavin og Jane Kirk. 2001. Dyslexia in Adults. Education and Employment. Chichester, John Wiley & Sons Ltd.

Reid, Gavin. 1998. Dyslexia. A Practitioner's Handbook. Chichester, John Wiley & Sons Ltd.

Rósa Eggertsdóttir, ritstjóri. 1998. Fluglæsi. Akureyri, Skólaþjónusta Eyþings.

Schwartz, R. 1997. sjá: The First International Multilingualism and Dyslexia Conference.

Sigríður Þ. Valgeirsdóttir. 1993. Læsi íslenskra barna. Reykjavík, Menntamálaráðuneytið, Rannsóknastofnun uppeldis- og menntamála, Kennaraháskóli Íslands.

Sigurgrímur Skúlason ofl. 2001. Skýrsla um samræmd próf í 10. bekk árið 2001. Reykjavík, Námsmatsstofnun.

Sigurgrímur Skúlason. 2001. Skipting frávíka eftir tegundum, bréfasamskipti.

Singleton, Chris o.fl. 1999. Dyslexia in Higher Education: policy, provision and practice. Hull, University of Hull.

Sletmo, A. 1999. Problemer knyttet til bruk av diagnosen dysleksi til utløsning av rettigheter. Fyrirlestur á ráðstefnunni Å leve med lese- og skrivevansker, Oslo 4. september 1999. Birt á vefsíðu <http://www.dysnett.org/sletmo.htm> (25.03.2001)

Snowling, M.J. 1996. Developmental Dyslexia: An introduction and Theoretical Overview. Í Dyslexia, Speech and Language. A Practitioner's Handbook. Ritstj. Snowling og Stackhouse. Bls. 1-11. London, Whurr Publishers Ltd.

Sparks og Ganschow sjá: The First International Multilingualism and Dyslexia Conference.

Þóra Björk Jónsdóttir og Ingvar Guðnason. 2000. Könnun Skólaskrifstofu Skagfirðinga á eðli, umfangi og kostnaði við greiningar á vanda hjá börnum. Óbirt.